



Mannréttindaráð 11. desember 2025: Fyrirspurn fulltrúa Framsóknarflokksins:

1. Hversu oft er vísað til mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar í innkaupum Reykjavíkurborgar?
2. Hvernig er eftirliti með félagslegri sjálfbærni og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar háttað í innkaupum Reykjavíkurborgar? Er borgin með virkt eftirlit með birgjum og verktökum sem borgin kaupir vörur og þjónustu af, og nær slíkt eftirlit einnig til undirverktaka?

Greinargerð:

Vitundarvakning og umræða um félagslega sjálfbærni, mansal og brot á vinnurétti hefur aukist síðustu misseri. Mikilvægt að Reykjavíkurborg tryggi eins vel og hægt er að ekki sé gengið til innkaupa eða gerðir séu samningar við aðila sem brjóta gegn mannréttindum og vinnulöggjöf. Til að tryggja félagslega sjálfbærni í innkaupum er ekki nóg að setja kröfur í útboðsgögn heldur þarf einnig að hafa raunhæft og virkt eftirlit með því að birgjar, verktakar og undirverktakar fylgi settum kröfum. Þar skiptir höfuðmáli að borgin hafi aðgang að fullnægjandi gögnum og upplýsingum til að sporna gegn því að almannafé renni til aðila sem brjóta á réttindum starfsfólks, taka þátt í mansali eða viðhafa aðra ólöglega háttsemi. Hér er því óskað eftir greinargóðum upplýsingum um hvernig borgin framkvæmir slíkt eftirlit, hvaða verkferlar eru til staðar og hvort eftirlitið nái til allrar virðiskeðjunnar, þar með talið undirverktaka sem framkvæma verk eða veita þjónustu í umboði aðalverktaka.

